

- 157 Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 66 8. september 1931
1. sept. til þess að öðlast gildi 15. september 1939, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 1. september 1939.

Ólafur Thors.

Páll Pálmason.

- 158
2. sept.

BRÁÐABIRGÐAREGLUGERÐ

um sölu og afhendingu bensíns.

1. gr.

Eigendum og umráðamönnum benzinbirgða, sem ætlaðar eru til afhendingar í smásölu, er óheimilt að láta úti nokkuð af þeim til bifreiðaaksturs fram yfir það, sem nægir til að fylla benzíngeymi bifreiðar þeirrar, sem benzínið tekur, og má ekki tæma benzíngeymi bifreiðarinnar á annan hátt en með eðlilegri eyðslu gangvélar bifreiðarinnar. Heildsalar mega ekki láta úti benzín til bifreiðaaksturs nema til smásala, sem annast bensínsölu á bifreiðar annaðhvort fyrir eigin reikning eða í umboði heildsalans (olíufélagsins).

Atvinnumálaráðuneytið getur þó veitt undanþágu frá þessum ákvæðum, þegar það telur ástæðu til.

2. gr.

Benzín til annarar notkunar en bifreiðaaksturs er bannað að afhenda nema til nauðsynlegustu þarfa og ekki án sérstakrar heimildar atvinnumálaráðuneytisins meira en venjulegan vikuforða hlutaðeiganda.

3. gr.

Brot á reglugerð þessari varða sektum allt að 10000 krónum, og skal með mál út af slíkum brotum farið sem almenn lögreglumál.

Í ríkisstjórn Íslands, 2. september 1939.

Ólafur Thors. Jakob Möller. Hermann Jónasson. Eysteinn Jónsson.

- 159
4. sept.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð fyrir Austur-Húnavatnssýslu um fjallskil o. fl.
frá 2. nóvember 1917.

1. gr.

Inn í 7. gr. reglugerðarinnar á eftir orðunum „kringumstæður leyfa“ bætist: Hreppsnefndum er heimilt að ákveða, hvaða leið reka skuli til afréttar.

2. gr.

Inn í 13. gr. reglugerðarinnar á eftir orðunum: „sem fjáreigandi á heimili í“ bætist: Þó skulu fjáreigendur greiða full fjallskil í þeim hreppi, sem búpeningi er

framfleytt í árlangt, þó eigendur eigi þar ekki lögheimili, enda eru þeir þá ekki fjallskilaskyldir af þeim peningi, þar sem þeir eiga heimili. **159**

4. sept.

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu hefir samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt 41. gr. sveitarstjórnarlaganna, nr. 12 31. maí 1927, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 4. september 1939.

Hermann Jónasson.

Páll Pálmason.

AUGLÝSING

160

5. sept.

varðandi framkvæmd bráðabirgðareglugerðar frá 1. september 1939, um sölu og dreifing á nokkrum vörutegundum.

1. gr.

Ef svo stendur á, að smásöluverzlun hefir eigi fyrirbyggjandi einhverja af vörutegundum þeim, sem taldar eru í 1. gr. bráðabirgðareglugerðar, dags. 1. sept. 1939, handa föstum viðskiptamanni sínum, en hann getur eigi fengið vöruna keypta hjá öðrum vegna ákvæða 3. gr. bráðabirgðareglugerðar um sölu og dreifing á nokkrum nauðsynjavörum, gefur smásöluverzlunin kaupanda vottorð um það, að hann sé venjulegur viðskiptamaður hennar, og lætur þess jafnframt getið, að hann hafi eigi þá vörutegund fyrirbyggjandi, sem óskað er eftir. Kaupandi getur þá fengið vöru þessa keypta hjá öðrum gegn afhendingu þessa vottorðs.

Gildir þetta vottorð aðeins fyrir eina úttekt, og lætur smásöluverzlun sú, er afhendir vöruna, það fylgja söluskýrslu sinni.

2. gr.

Ákvæði þessi öðlast þegar gildi.

Í ríkisstjórn Íslands, 5. september 1939.

Eysteinn Jónsson. Ólafur Thors. Jakob Möller. Hermann Jónasson.